

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Efling, kraftur, áræði – Ábyrgðin er okkar

Skýrsla internetnefndar til umdæmisstjórnarfundar í Reykjavík 16 apríl 2010.

Frá internetnefnd er það helst að fréttá að menn virðast hafa tekið aðeins við sér í netmálum bæði við umbætur og uppsetningu á nýjum heimasíðum og er það vel, en heldur finnst mér ganga rólega að fá menn til að setja upp heimasíður í umsýslukerfinu, því engin klúbbur hefur bæst við á þeim veffangi. Nú er búið að setja upp RSS fíðus á vefsvæðið þar sem klúbbafréttir birtast á kiwanis.is líka þegar þeim er hlaðið inn á klúbbasíðurnar og tel ég að þetta virki hvetjandi á umsjónamenn heimasíðna klúbbanna en þetta á bara við þá klúbba sem eru í Smartwebber umsýslukerfinu. Búið er að setja tengil inn á veftréð sem vísar beint á gagnagrunn félagatals sem Alfreð hefur skrifað og tel ég þetta vera byltingu í allri vinnu fyrir klúbba og umdæmið, við að halda þessum upplýsingum um hreyfingu okkar réttum, og vonandi verða menn duglegir að halda þessu við, annað hvort í umsjá ritara klúbba eða ákveðins tengiliðs. Um þessar mundir er verið að vinna í því að setja upp svæði fyrir skoðannakannanir á kiwanis.is og verður spennandi að vita hvort menn verði duglegir að taka þátt í því, og hefur Umdæmisstjóri Óskar Guðjónsson tjáð mér að hann sé með ákveðin málefni tilbúin til að setja í könnun og vonandi verður búið að setja þetta upp fyrir þennann fund okkar, en ef ekki þá mjög fljótlega.

Spjallið er mér svolítið hugleikið og vil ég endilega virkja það betur eins og ég hef oft sagt og hélt ég að það væri að komast á skrið um daginn þar sem menn sýndu áhuga að ræða

K-daginn en það virðist vanta toppanna inn í þetta til að leggja inn sín sjónarmið í umræðuna. Tel ég það vera spurningu að setja spjallið inn á forsíðu eins og á heimasíðu sem ég er með fyrir árganginn minn www.56model.com og væri gaman ef menn myndu kíkja aðeins á þetta og segja sitt álit á þessu, en það kemur að því að við þurfum að breyta um útlit á vefnum og þá væri þetta tilvalin framkvæmd í leiðinni.

Að lokum er það sama gamla tuggan og það er fréttáöflunin og þar þurfa menn að „bretta upp hendur“ það eru alltaf sömu mennirnir sem eru virkir í því að koma með fréttir frá sínum klúbbum og mættu fleiri taka sér þá til fyrirmyndar, því þetta er vinsælasti og fjölmennasti fréttamiðill í veröldinni og það er ávalt verið að tala um að auglýsa hreyfinguna betur, og það er ekki hægt að gera það á skilvirkari og ódýrari máta en að nota **HEIMASÍÐUNA** kiwanis.is.

14 apríl 2010.

Tómas Sveinsson formaður internetnefndar.